



MANNVIT

# AÐALSKIPULAG NORÐURÞINGS 2010 - 2030

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi

Norðurhöfn

Skipulagslýsing

Júlí 2014



MANNVIT



*Mannvit Verkfræðistofa*

Grensásvegur 1  
108 Reykjavík  
Sími: 422 3000  
Fax: 422 3001  
@: mannvit@mannvit.is  
www.mannvit.is



# Efnisyfirlit

---

1.	Forsendur gildandi aðalskipulags og fyrirhugaðra breytinga.....	2
2.	Staðhættir og umhverfisáhrif.....	3
3.	Skipulagsferli.....	3
4.	Heimildir.....	3

## 1. Forsendur gildandi aðalskipulags og fyrirhugaðra breytinga


Sveitarfélagið Norðurþing fyrirhugar breytingar á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin snýr að því að auka athafnarými norðurhafnar á svæði sem skilgreint er sem H2. Framkvæmda- og hafnarnefnd Norðurþings fer með skipulagsvald á hafnarsvæðinu og í samráði við skipulags- og bygginganefnd gerir tillögu til sveitastjórnar um breytingu á aðalskipulaginu.

Í Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 er hafnarsvæði H2 skilgreint á eftirfarandi hátt:

„Norðurhöfn

Norðurhluti hafnarsvæðisins við Bökugarð og Norðurgarð þar sem er flutningastarfsemi og geymslu. Talsverðir flutningar eru á gámum á milli Norður- og Suðurgarðs um Hafnarstétt sem taka þarf tillit til við deiliskipulagsgerð. Ef sjóflutningar koma aftur til og stóriðja verður reist á Bakka, þá mun flutningastarfsemi án efa þurfa meira rými. Ráðlegt þykir að gera ráð fyrir að hvorutveggja geti komið til, þ.e. sjóflutningar og álver og að vaxtarmöguleikar á uppfyllingu til vesturs verði tryggðir.“

Áður hafði verið gerð breyting á aðalskipulagi sem staðfest var 10. apríl 2014 þar sem nýr vegur liggur um hafnarsvæðið, framhjá Bökugarði um jarðgöng undir Húsavíkurhöfða og að iðnaðarsvæði á Bakka í stað vegar á yfirborði Gerð Snásugarðs hefur verið slegið á frest og til að uppfylla skilyrði um góða útflutningshöfn var tekin ákvörðun um að breyta Bökugarði. Núgildandi skipulag gerir ráð fyrir Bökugarður verði breikkaður við jarðgangamunnann og bætt við grjótvörnina þar sem nýr iðnaðarvegur um jarðgöng og að Bakka mun liggja frá Bökugarði.



**Mynd 1** Hluti úr þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags, frá des. 2010 til vinstri og breytingartillaga til hægri. Fyrirhuguð breyting er merkt með rauðum hring.

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felst í að auka athafnarými hafnar. Aukið landsvæði verður fengið með landgerð í sjó og verður landfyllingin alls 1,9 ha að flatarmáli og um 80.000 m<sup>3</sup> að umfangi. Megnið að því fasta efni sem kemur úr jarðgöngunum verður notað til uppfyllingar innan hafnarinnar. Efnið mun einnig nýtast til uppfyllingar norður af Bökugarði, en gert er ráð fyrir þeirri uppfyllingu í nágildandi aðalskipulagi. Austasti hluti nýrrar landfyllingar er skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði. Þar er m.a. gert ráð fyrir móttöku farþega úr skemmtiferðaskipum.

## 2. Staðhættir og umhverfisáhrif

Fyrirhuguð landfylling kemur í beinu framhaldi af skilgreindu hafnarsvæði og mun sameinast því.

Gerð landfyllingar af þessari stærð er ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fjallað hefur verið um umhverfisáhrif jarðganga og efnisflutninga í fyrirspurn til Skipulagsstofnunar og birti stofnunin niðurstöðu sína í apríl 2014. Samkvæmt henni eru framkvæmdirnar í heild sinni ekki taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Helstu áhrif vegna gerðar landfyllingar tengjast hávaða og ónæði á framkvæmdatíma vegna efnisflutninga.

## 3. Skipulagsferli.

**Kynning og samráð.** Skipulagslýsing þessi verður send Skipulagsstofnun til umsagnar, einnig verður leitað eftir sjónarmiðum annarra viðkomandi umsagnaaðila: Umhverfisstofnun, Minjavernd ríkisins, Vegagerð ríkisins (Samgöngustofa) og Hafrannsóknastofnun. Lýsingin verður einnig kynnt almenningi á heimasíðu Norðurþings og hún hengd upp til sýnis og kynningar á skrifstofum sveitarfélagsins. Þannig gefst almenningi tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við lýsinguna.

Auglýsing aðalskiplagsbreytingarinnar fer skv. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Tímaáætlun.** Heildarferlið er áætlað sem hér segir:

Ágúst. 2014	Skipulagslýsing lögð fyrir skipulagsnefnd og bæjarstjórn til samþykktar á auglýsingu.
Ágúst. 2014	Skipulagslýsing auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Einnig birt á heimasíðu Norðurþings og hengd upp til kynningar og sýnis á skrifstofum Norðurþings. 4 vikna athugasemdafrestur.
Okt.2014	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi lögð fyrir skipulagsnefnd og bæjarstjórn.
Okt. 2014	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum, hún birt á heimasíðu og hengd upp til sýnis á skrifstofu Norðurþings. Frestur til athugasemda 6 vikur.
Des. 2014	Skipulagsnefnd fjallar um athugasemdir, ef einhverjar eru og samþykkir viðbrögð við þeim.
Des. 2014	Tillaga að aðalskiplagsbreytingu lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar.
Jan. 2015	Athugasemdafrestur Skipulagsstofnunar.
Feb. 2015	Gildistaka aðalskiplagsbreytingar auglýst í Stjórnartíðindum.

## 4. Heimildir.

Alta, 2010. Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030.